



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

b.t. framkvæmdastjóra

Reykjavík 3. september 2020

2009113SA KB/em

Málalykill: 00.63

### **Efni: Beiðni um gögn í tengslum við mat á kostnaðaráhrifum**

Samband íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir gögnum frá öllum sveitarfélögum landsins um úrgangsmál. Gagnasöfnunin tengist kostnaðarmati fyrirhugaðs frumvarps til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Frumvarpið mun m.a. fela í sér kröfur um aukna sérsöfnun tiltekinna úrgangstegunda, þ.e. pappírs og pappa, plasts, lífúrgangs, glers, málma, spilliefna og textíls.

Við mat á kostnaði af þeim breytingum sem lagðar verða til í frumvarpinu verður unnið með upplýsingar um fjölda heimila, gerð og staðsetningu íláta til sérsöfnunar heimilisúrgangs, tíðni tæminga íláta og kostnað. Unnið verður úr svörum sveitarfélaga við könnun í sex liðum:

- 1) Gerð íláta og staðsetning þeirra til sérsöfnunar heimilisúrgangs
- 2) Fjöldi íláta og fjöldi hirðustaða
- 3) Stærð íláta, sem staðsett eru við húsvegg
- 4) Tíðni losunar
- 5) Ráðstöfun úrgangs (valkvæð)
- 6) Raunkostnaður og skipting kostnaðar

Könnunina má nálgast á slóðinni:

<https://www.questionpro.com/a/TakeSurvey?tt=v/1p4sP47yo%3D>


Boðið er upp á að tengiliðir sveitarfélaganna skrifi athugasemdir í lok könnunarinnar og eru þeir hvattir til að vera eins ítarlegir í svörum eins og kostur er.

Sveitarfélög eru beðin um að svara könnuninni fyrir lok þriðjudagsins 15. september nk. Spurningum um könnunina má beina til eftirfarandi aðila:

- Eygerðar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í síma 515 4942 eða [eygerdur.margretardottir@samband.is](mailto:eygerdur.margretardottir@samband.is)
- Kjartans hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í síma 5458692 eða [kjartan.ingvarsson@uar.is](mailto:kjartan.ingvarsson@uar.is)

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri